

HAFNARFJÖRÐUR, 2021

FORNLEIFASKRÁ HAFNARFJARÐAR VII

SETBERG



BYGGÐASAFN
HAFNARFJARÐAR
HAFNARFJÖRÐUR MUSEUM

ATLI RÚNARSSON

FORNLEIFAFRÆÐINGUR

*Mynd á forsíðu sýnir Setbergsrústina (1780-3557) og upplýsingaskilti sem Byggðasafn
Hafnarfjarðar hefur komið upp við hana.*

©2021

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Strandgata 4

220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5780

Netfang: museum@hafnarfjordur.is

Heimasíða: www.byggdasafnid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning	2
Fornleifar.....	5
Setberg	7
Heimildaskrá	11
Myndaskrá.....	12
Töfluskrá	12
Viðauki 1: Fornleifaskrá	13

Inngangur

Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að Byggðasafn Hafnarfjarðar myndi hefja vinnu við að endurskrá allt sveitarfélagið vegna aðalskipulags¹ en margar af þeim skráningum sem fyrir lágu voru orðnar úreltar og þurfti að uppfæra þær að stöðlum Minjastofnunar Íslands. Það er hlutverk Byggðasafns Hafnarfjarðar að sjá um skráningu allra minja í sveitarfélaginu.

Ákveðið var að skipta sveitarfélaginu upp í 11 svæði og fjallar þessi skýrsla um svæði 7. Einnig var ákveðið að safna þeim skráningum sem fyrir lágu og voru eftir stöðlum Minjastofnunar og hafa þær aðgenginlegar á einum stað í stað þess að vera í fjölmörgum skýrslum eins og var áður.

Umrætt skráningarsvæði afmarkast af Reykjanesbraut í norðri og vestri, bæjarmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar í austri og gatnamótum Kaldárselsvegar og Elliðavatnsvegar (Flóttamannaleiðarinnar) í suðri.

Skráningarsvæðið var allt innan lands Setbergs.

Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, loftmyndum og fyrri skráningarskýrslum, vettvangsskráningu og úrvinnslu. Farið var eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands² sem gaf verkefninu númerið 2625. Á vettvang fór fornleifafræðingurinn Atli Rúnarsson og sá hann einnig um skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram og það sama á um kortagerð.

Svæðið féll innan svæðisskráningu fornleifa sem Fornleifastofnun Íslands gerði árið 1998³ og stór hluti þess var skráður af Katrínu Gunnarsdóttur árið 2005.⁴ Einnig féll hluti svæðisins innan skráningar Heiðrúnar Evu Konráðsdóttur og Bjarna F. Einarssonar frá 2016.⁵



Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsvæðinu.
Svæðið er innan hvítu punktalínunnar

¹ Sjá Yngvi Þór Loftsson, 2006

² Minjastofnun Íslands, 2013

³ Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir, 1998

⁴ Katrín Gunnarsdóttir, 2005

⁵ Heiðrún Eva Konráðsdóttir & Bjarni F. Einarsson, 2016

Fornleifaskráning

Samkvæmt menningarminjalögum njóta allar fornleifar friðunar og verndunar en í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. Búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Einnig njóta fornminjar friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁶

Í 16. grein laganna er víkið að skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða

⁶ Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjóð af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.“⁷

Jafnframt segir í 21. grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi. Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

⁷ Lög um menningarminjar, 2012, 16.gr.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.“⁸

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið.⁹



Mynd 2 - Braggatóft (2625-2)

⁸ Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

⁹ Lög um menningarminjar, 2012, 22. gr.

Fornleifar

Alls voru 30 fornleifar skráðar á vettvangi og eftir heimildum, þar af 24 undir númerinu 2625 og 6 minjar voru skráðar af Minjastofnun Íslands árið 2016 undir númerinu 1780. Sjá má afrakstur skráningarinnar í töflunni hér að neðan og í meðfylgjandi fornleifaskrá sem og á loftmyndum sem sýna staðsetningu minjanna.

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR	HÆTTUMAT	VEGNA
2625-1		garðlag	vörslugarður	1550-1900	engin hætta	
2625-2		tóft	braggi	1900-1960	engin hætta	
2625-3		tóft	skemma	1900-1960	engin hætta	
2625-4		tóft	braggi	1900-1960	engin hætta	
2625-5		tóft	skemma	1900-1960	engin hætta	
2625-6		húsgrunnur	hús	1900-1960	engin hætta	
2625-7		húsgrunnur	hús	1900-1960	engin hætta	
2625-8		húsgrunnur	hús	1900-1960	engin hætta	
2625-9	Reykaldsgrafreitir	hóll	grafreitir	1931-1964	engin hætta	
2625-10		niðurgröftur-hleðsla	kofi	1955	engin hætta	
2625-11	Gamligarður	garðlag	túngarður	1550-1900	engin hætta	
2625-12		hleðsla	skotbyrgi	1900-1950	engin hætta	
2625-13		garðlag	gerði	1550-1900	engin hætta	
2625-14	Galdraprestshólsþúfa	náttúruminjar	álagaþlekkur	1550-1900	engin hætta	
2625-15		hleðsla	stekkur	1550-1900	engin hætta	
2625-16	Garðastekkur	hleðsla	stekkur	1550-1900	engin hætta	
2625-17		hleðsla	stöðull	1550-1900	engin hætta	
2625-18		hleðsla	vörslugarður	1550-1900	engin hætta	
2625-19		garðlag	vörslugarður	1550-1900	mikil hætta	skógrækt
2625-20	Hamarskotstekkur	tóft	stekkur	1550-1900	engin hætta	
2625-21		garðlag	vörslugarður	1550-1900	engin hætta	
2625-22		tóft	útiþús	1550-1900	engin hætta	
2625-23		hleðsla	stekkur	1550-1900	mikil hætta	skógrækt
2625-24		hús	kartöflukofi	1900-1970	engin hætta	
1780-3557	Setberg	tóft	híbýli	1800-1900	engin hætta	
1780-3561	Setberg	hóll	bæjarhóll	1800-1900	engin hætta	
1780-3562		garðlag	túngarður	1800-1900	engin hætta	
1780-3563		þúst/grjóthruða	túnahreinsun	1800-1900	engin hætta	
1780-3564		tóft	óþekkt	1800-1900	engin hætta	
1780-3565		tóft	fjárhús	1800-1900	engin hætta	

Tafla 1 - Tafla yfir skráðar minjar á svæðinu, friðlýstar minjar eru feitletraðar

Helst ber að nefna minjar bæjarins Setbergs en þær voru friðlýstar árið 1981 og friðlýsingin þingfest 1982.¹⁰ Fjórar minjar á svæðinu eru friðlýstar og tengjast þær allar bænum.

Vert er að minnast á Galdraprestshól eða Galdrapresthólsþúfu (2625-14), sem er um 50m norðan við götuna Hólsberg og Setbergsrústina, en þar á sr. Þorsteinn Björnsson, áður prestur á Útskálum, að hafa samið kvæðið Noctes Setbergenses eða Setbergsnætur til þess að styttu sér „hið leiða líf“. Þorsteinn mun hafa búið á Setbergi frá 1660 – 1675 og var sagður göldróttur. Sagnir voru um að



Mynd 3 - Galdrapresthóll (2625-14)

hann hafi verið grafinn undir þessari þúfu en það telst nú ólíklegt þar sem legsteinn hans er í Garðakirkjugarði.¹¹ Álög voru sögð liggja á þúfunni og mátti enginn hrófla við henni því það mundi verða þess bani.¹²

Ellefu minjar voru taldar vera reistar eftir árið 1900 og er það nánast öruggt vegna þess að það var steinsteypa í þeim öllum, þó í mismiklu magni. Hinar nítján tengjast flestar einhverskonar búskap á svæðinu, hvort sem það er á bæjarstæði Setbergs eða stekkirnir í Stekkjarhrauni.

¹⁰ Ágúst O. Georgsson, 1990, bls. 12

¹¹ Matthías Þórðarson, 1907, bls. 39-40

¹² Örnefnaskrá - Setberg



Mynd 4 - Kort af skráðum minjum á svæðinu

Setberg

Jörðin Setberg hafði þá sérstöðu, öfugt við aðrar jarðir í kring sem voru annaðhvort í konungseign eða í eign Garðakirkju, að hún virðist hafa verið í bændaeign í gegnum aldirnar en elsta heimildin um byggð í Setbergi er frá árinu 1505 og var kvittunarbréf Þorvarðs Erlendssonar til Gríms Pálssonar um eignarbytti þeirra. Þar sagði fært yfir á nútíma stafsetningu:



Mynd 5 - Teikning af Setbergsbænum eftir Sir Joseph Banks frá 1772.

„Það gjörum vér Gunnlaugur Helgason, Jón Stullason, Jón Gíslason, Þorleifur Snorrason, Helgi Ormsson, Valdi Þorvarðsson, Hermann Hermannsson og Jón Eyvindsson góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu bréfi að þá er liðið frá guðs burði 1505 ár á Möðruvöllum í Eyjafirði. Daginn næstan eftir Maríumessu seinni um haust, vorum vér í hjá sáum og heyrðum í að Þorvarður Erlindsson lögmaður sunnan og austan í Íslandi haf með handabandi Grím Pálsson alldyngis kvittan og ókærulausan um það kaup og gjald er greindur Grímur hafði áður greiða látið og greitt, og þá amasala varð um það sem eftir stóð við fyrr greindan Þorvarð. Og að því luktu og höldnu er Grímur þá greiddi. Var það Setberg sunnan land við Hafnarfjörð. Og það með ij kúgildi eður iij hvort eður væri, iij vættir smjörs úr holum. Leigur frá hagatungu uppi iij ár var þetta alls x vættir sagðist Grímur hafa lokið Þorvarði áður xxxiiij kúgildi. Heyrðum vér þá engan óskilnað þessara þrátt greindra manna, heldur kom þeim allt vel saman svo nær heyrðum.

*Og til sanninda hér um settum vér fyrr nefndir menn vort innsigli fyrir þetta kvittunarbréf og gjalds er skrifað var í sama stað, degi og ári sem fyrr segir.*¹³

Næst var sagt frá Setbergi í bréfi frá 1523. Það var bréf sem vottaði að Pétur og Hallur Björnssynir hafi haft í arfaskiptum gefið Thomas Jónsson „frían og kvittan“ um jörðina Setberg á Álftanesi og handsalað honum jörðina. Í bréfinu segir frá landamerkjum jarðarinnar:

¹³ DI VII, bls. 796-797

„Úr miðjum Kjöthelli og í stein þann er stendur í fremstu Tjarnarholti. Úr honum og í flóðhálsinn, úr flóðhálsinum og í álftatanga, úr honum og í Hellu þá er stendur í Lambhaga. Þaðan og í neðstu jarðbrú. Svo eftir því sem lækurinn af sker í túngarðs endann. Þaðan í Silungahellu. Svo þaðan í þúfunu og í miðjan Kjöthelli.“

Í bréfinu var einnig sagt að Garðastaður ætti á jörðinni tólf hesta reiðings ristur og að Setberg hafi á móti átt búðarstöðu í Garðalandi, þar var átt við búðarstöðu til siglinga, en jörð Setbergs náði ekki að sjó.¹⁴

Í jarðabréfi frá 1703 var sagt frá því að árið 1658 seldi Tómas Björnsson 8 hndr. í jörðinni til sr. Þorsteins Björnssonar. Tómas seldi svo önnur 8 hndr. til fógetans og árið 1665 eignaðist Guðrún Björnsdóttir 8 hndr. í Setbergi.¹⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að jarðardýrleiki Setbergs hafi verið sextán hundruðustu. Eigandi jarðarinnar var ekkjan Þóra Þorsteinsdóttir og bjó hún á jörðinni. Landskuld jarðarinnar var óviss en síðastliðin sextíu ár höfðu eigendur jarðarinnar búið á henni. Engar kvaðir voru á jörðinni þar sem eigandinn bjó þar sjálfur, kvikfénaður var fimm kýr, tuttugu og þrjár ær, fjórir sauðir veturgamlir, fjórir hestar og eitt hross með fyli. Túnin gátu fóðrað sex kýr og tuttugu lömb. Heimilsmenn voru sex. Jörðin átti selstöðu í Ketshelli, þar voru hagar góðir en vatnsból ekkert nema snjór í gjá sem sólarhiti bræddi. Torfrista og stunga var nægileg og lyngrif mætti vera en var ekki notað fyrir hagbeitar sakir. Setberg hafði til forna silungsveiði í Hamarskotslæk en henni hafði verið spillt með þeim netaveiðum þeirra sem neðar bjuggu. Jörðin átti ekki land til sjávar en var með búðarstöðu og skipsuppsátur við Skipaklett í Akurgerðislandi. Jörðin átti engjar en þær voru þó litlar.¹⁶

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var jörðinni gefið númerið 173, þá var hún í bændaeign og dýrleiki hennar 16, landskuld 0.90, kúgildin þrjú og ábúendur voru tveir leiguliðar.¹⁷

Árið 1912 keypti Hafnarfjörður Setbergsland allt til Lækjarbotna. „*Samkvæmt dómi frá 5. Desember 1924 eru landamerki milli Setbergs og þessa hluta Garðakirkjulands sem með lögum nr. 13, 1912 var selt Hafnarfjarðarkaupstað sem hér segir: Úr neðstu brú í Kaplakrika eftir Kaplalæk í hraunjaðrinum beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farveg sínum rétt norðan við Baggalágar vestur af Setbergslandi. Þaðan í beina línu í*

¹⁴ DI IX bls. 144-147


¹⁵ Jarðabréf 15. 16 hndr. 1703

¹⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 175-176

¹⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 92

stíflugarð rafstöðvartjarnar, þá eftir garðinum og úr honum beint í markapúfu suður og upp á holtinu þaðan í upptök lækjar þess sem Hafnarfjarðarbær fær vatn sitt úr, þá í Gráhellur og þaðan í miðjan Kjöthelli.¹⁸

Á túnakorti af Setbergi frá 1918 var sagt að tún bæjarins væru öll sléttuð og töldust 6,5 teigar og að kálgarðar væru samtals 1600m². Á kortinu eru líka mældar inn bæjarrústir gamla bæjarins og „eyði kálgarður“ við þær. Vestan við nýja bæinn var líka mæld „rafleiðslu vatnsvél“.¹⁹



Mynd 6 - Túnakort af Setbergi frá 1918. Kortið hefur verið klippt til.

Innan jarðarinnar er að finna Stekkjarhraun en það var friðlýst sem fólkvangur árið 2009. Hraunið er hluti af hraunum sem runnu í Búrfellseldum fyrir um 7000 árum. Markmið friðlýsingarinnar var að „vernda útivistarsvæði í fögru hraunumhverfi þar sem jafnframt er athyglisvert gróðurlendi og sérstakar menningarminjar. [...] Með friðlýsingunni er einnig verið að vernda votlendisbletti við Lækinn þar sem hann rennur með Stekkjarhrauni, en þar vaxa m.a. horblaðka og starir sem eru fágætar tegundir í þéttbýli.“²⁰ Í bréfi frá 1670-80 sagði að Hamarskot og Garðar hafi haft stekki í Stekkjarhrauni,²¹ þ.e. stekkir (2625-20 & 2625-16) og einnig hafði Setberg stekki í hrauninu sem er mögulega (2625-15).

¹⁸ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 432

¹⁹ Túnakort - Setberg, 1918

²⁰ Umhverfisstofnun, 2009

²¹ Örnefnaskrá - Setberg

Heimildaskrá

- Ágúst O. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla* (B. 3). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Ásgeir Guðmundsson. (1983). *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983* (B. 1). Hafnarfjörður: Skuggsjá.
- Heiðrún Eva Konráðsdóttir & Bjarni F. Einarsson. (2016). *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi í Mosahlíð við Kaldárselsveg á mörkum Hamarskots og Ófriðarstaða í Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðgarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- (2012). *Lög um menningarminjar*.
- Matthías Þórðarson. (1907). Gamlir legsteinar í Görðum á Álftanesi - Framhald ritgjörðar í Árbók 1904. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 36-49.
- Minjastofnun Íslands. (2013). *Skráningarstaðlar fornleifa*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.
- Minjavefsjá*. (án dags.). Sótt frá www.map.is/minjastofnun
- Sigurður Skúlason. (1933). *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík: Bæjarsjóður Hafnarfjarðar.
- Túnakort - Setberg. (1918).
- Umhverfisstofnun. (3. apríl 2009). Auglýsing um stofnun fólkvangs í Stekkjarhrauni Hafnarfirði.
- Yngvi Þór Loftsson. (2006). *Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Umhverfi og útivist*. Kópavogur: Landmótun.
- Örnefnaskrá - Setberg. (án dags.).

Myndaskrá

Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsvæðinu. Svæðið er innan hvítu punktalínunnar.....	1
Mynd 2 - Braggatóft (2625-2).....	4
Mynd 3 - Teikning af Setbergsbænum eftir Sir Joseph Banks frá 1772.....	8
Mynd 4 - Túnakort af Setbergi frá 1918. Kortið hefur verið klippt til.	10

Töfluskrá

Tafla 1 - Tafla yfir skráðar minjar á svæðinu, friðlýstar minjar eru feitletraðar	5
---	---

Viðauki 1: Fornleifaskrá

Númer: 2625-1

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356751.0 , N 399129.2

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Vörslugarður

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 7.6m

Breidd: 1.1m

Vegghæð: 0 – 0.3m

Breidd veggja: 1.1m

Umhverfi/staðhættir:


Í gróðursælli dæld í Stekkjarhrauni, um 50m sunnan við brú sem liggur yfir læk við götuna Hlíðarberg og rúmlega 100m vestan við NV horn Setbergsskóla. Töluverður trjávöxtur í kringum garðinn.

Lýsing:

Vörslugarður. Liggur ca. í A-V. Úr torfi og grjóti, grjót í hliðunum. Liggur þvert yfir dæld í hrauninu. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.1m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-2

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356836.8 , N 398660.5

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Braggi

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 18.3m

Breidd: 10.3m

Vegghæð: 0 – 0.6m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:


Á sléttu grasivöxnu svæði í hraunjaðrinum í Stekkjarhrauni um 25m austan við gatnamót Hlíðarbergs og Dalshlíðar. Önnur braggatóft (2625-4) er um 10m norðan við braggan.

Lýsing:

Grunnur af bragga, steipt gólfplata og gróðurvaxnir veggir. Veggjahæð er frá 0 – 0.6m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Járnrör stendur upp úr jörðinni við NV horn. Opinn í báða enda. Bragginn sést á loftmyndum frá 1945, 1956 og 1958. Á loftmyndunum sést matjurtagarður framan við braggana og eru braggarnir að öllum líkindum tengdir honum.

Heimildir: Loftmyndir frá 1945, 1956 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-3

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356847.7 , N 398657.42

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Skemma

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 8m

Breidd: 5m

Veggjahæð: 0 – 0.6m

Breidd veggja: 0.4m

Umhverfi/staðhættir:


Um 3m austan við bragga (2625-2). Við hraunjaðarinn í Stekkjarhrauni.

Lýsing:

Tóft, líklega skemma. Grasi og mosavaxin. 2 inngangar, í SV horni og N á tóftinni. Veggjahæð er frá 0 – 0.6m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.4m. Tóftin sést á loftmyndum frá 1945, 1956 og 1958 og tengist bröggum (2625-2) & (2625-4)

Heimildir: Loftmyndir frá 1945, 1956 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-4

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356826.7 , N 398683.0

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Braggi

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 14m

Breidd: 8.5m

Veggjahæð: 0.2 – 0.5m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:


Um 10m norðan við bragga (2625-2)

Lýsing:

Grunnur af bragga, steipt gólfplata og gróðurvaxnir veggir. Veggjahæð er frá 0.2 – 0.5m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Opinn í báða enda. Bragginn sést á loftmyndum frá 1945, 1956 og 1958. Á loftmyndunum sést matjurtagarður framan við braggana og eru braggarnir að öllum líkindum tengdir honum.

Heimildir: Loftmyndir frá 1945, 1956 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-5

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356826.1 , N 398703.0

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Skemma

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 3.5m

Breidd: 2.8m

Vegghæð: 1.5m

Breidd veggja: 0.15m

Umhverfi/staðhættir:


Tæpum 9m norðan við bragga (2625-4), í sprungu í hraunjaðrinum í Stekkjarhrauni.

Lýsing:

Múrsteinshlaðnir veggir í sprungu í hraunjaðrinum. Veggjahæð er jöfn um 1.5m og veggja-breiddin er rúmlega 10cm. Vesturveggur er klettur. Inngangur í suður. Timbur og grjót inni í rústinni. Sést á loftmyndum frá 1945, 1956 og 1958.

Heimildir: Loftmyndir frá 1945, 1956 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-6

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 357124.4 , N 398520.4

Sérheiti:

Tegund: Húsgrunnur

Hlutverk: Hús

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 9.3m

Breidd: 2.7m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Í austanverðum hraunjaðri Stekkjarhrauns um 11m vestan við læk. Er alveg við NV horn (2625-7)

Lýsing:

Steypt gólfplata, u.þ.b. 9 x 3m, aðeins sprungin og gróður farinn að vaxa yfir hana. Húsið sést á loftmyndum frá 1945 og 1958.

Heimildir: Loftmyndir frá 1945 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Norður snýr til hægri

Númer: 2625-7

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 357135.7, N 398512.4

Sérheiti:

Tegund: Húsgrunnur

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 24m

Breidd: 6.7m

Vegghæð: 0 – 0.5m

Breidd veggja: 0.15m

Umhverfi/staðhættir:


Í austanverðum hraunjaðri Stekkjarhrauns um 7m vestan við læk. Húsgrunnur (2625-6) er við NV horn.

Lýsing:

Steyptir veggir af húsi, inngangur í báða enda. Veggjahæð er frá 0 – 0.5m og veggjabreidd er í kringum 15cm, jöfn allan hringinn. Veggir farnir að hrynja. Járnteinar standa upp úr veggjunum og naglar í steypunni. Sést á loftmyndum frá 1945 og 1958.

Heimildir: Loftmyndir frá 1945 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-8

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356751.0 , N 399129.2

Sérheiti:

Tegund: Húsgrunnur

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 2

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð: 0 – 1.3m

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Á grasivöxnu svæði alveg við læk, rúmlega 2m sunnan við (2625-7).

Lýsing:

Grunnur af tveimur húsum sem eru sjáanleg á loftmyndum frá 1945 & 1958. Er að mestu vel greinanlegur og þar sem hleðslur sjást eru þær frá 0.6 – 1.3m háar og ganga svo inn í landslagið sem er grasivaxið, steypa í hleðslunum.

Heimildir: Loftmyndir frá 1945 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-9

Fyrri skráningarnúmer: 13-6

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356913.1 , N 399529.5

Sérheiti: Reykdalsgrafreitur

Tegund: Hóll

Hlutverk: Grafreitur

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1931 - 1964

Friðlýst: Nei

Lengd: 10.6m

Breidd: 10.7m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Fyrir norðan og neðan götuna Hólsberg.

Lýsing:

Grafreiturinn er eins og hóll í landinu. Sunnan við hólinn er steinlögð stétt og upp við grafhólinn hefur verið reistur legsteinn með nöfnum þeirra sem þarna eru grafin. Grafreiturinn er fjölskyldugrafreitur Jóhannesar Reykdals, sem hvílir þar ásamt eiginkonu sinni og fimm börnum. Fyrsta greftrun var árið 1931 og sú síðasta 1964.

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-10

Fyrri skráningarnúmer: 13-3

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 357018.8 , N 399524.9

Sérheiti:

Tegund: Niðurgröftur-hleðsla

Hlutverk: Kofi

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1955

Friðlýst: Nei

Lengd: 3.7m

Breidd: 2.5m

Vegghæð

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Um 60m NA við Hólsberg 11. Fast vestan við tóft (2625-24).

Lýsing:

Í skýrslu sinni frá 2005 sagði Katrín Gunnarsdóttir um niðurgröftinn: „Um 2m frá vesturhlið tóftarinnar er ferhyrndur reitur [...]. Þarna var reistur kofi árið 1955, grafið var fyrir kofann alldjúp gjóta, í henni voru síðan heygðar tvær kýr frá Setbergi.“ Þessar upplýsingar komu frá Friðþjófi Einarssyni, síðasta bóndanum á Setbergi.

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-11
Fyrri skráningarnúmer: 13-4
Sýsla: Gullbringusýsla
Sveitarfélag: Hafnarfjörður
Landareign: Setberg
Skrásetjari: Atli Rúnarsson
Dagsetning: 9.3.2021
ISN93: E 357066.0 , N 399555.3
Sérheiti: Gamligarður
Tegund: Garðlag
Hlutverk: Túngarður
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1550 - 1900
Friðlýst: Nei
Lengd: 378m
Breidd: 1.2m
Vegghæð: 0.1 – 0.5m
Breidd veggja: 1.2m

Umhverfi/staðhættir:


Austur endi garðsins er um 164m austan við Hólsberg 11 og er vel greinanlegur á golfvellingum.

Lýsing:

Gamligarður, úr grjóti. Vel greinanlegur á golfvellingum en er annars að hverfa undir lúpínu og tré. Austur endi garðsins er á golfvellingum og gengur hann í NV inn í lúpínu, þar beygir hann til vesturs og endar í brekku. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.5m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.2m.

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-12

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356885.3 , N 399627.9

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Skotbyrgi

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900 - 1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 12.2m

Breidd: 9.2m

Vegghæð: 0 – 0.2m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:


Í lúpínunni við Setbergshamarinn. Er um 8m norðan við þar sem Gamligarður (2625-11) beygir til vesturs.

Lýsing:

Kringlótt hleðsla sem er mikið hrunin, líklega skotbyrgi úr seinni heimsstyrjöldinni. Enginn sjáanlegur inngangur, gott útsýni í allar áttir. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd þar sem hún er greinanleg er að jafnaði um 1m.

Heimildir: Loftmyndir frá 1945, 1956 & 1958

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-13
Fyrri skráningarnúmer: 13-3
Sýsla: Gullbringusýsla
Sveitarfélag: Hafnarfjörður
Landareign: Setberg
Skrásetjari: Atli Rúnarsson
Dagsetning: 9.3.2021
ISN93: E 357019.2 , N 399537.7
Sérheiti: Gerðisgarður
Tegund: Garðlag
Hlutverk: Gerði
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Ástand: Illgreinanleg
Aldur: 1550 - 1900
Friðlýst: Nei
Lengd: 44m
Breidd: 1m
Veggjahæð: 0 – 0.3m
Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:


Fast norðan við tóft (2625-24) og niðurgröft (2625-10).

Lýsing:

Garðlag úr hraungrýti, mjög illgreinanlegt. Í örnefnaskrá segir að þarna sé talið að hafi verið kornrækt fyrir á öldum. Garðlagið sést mun betur á loftmynd. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreidd þar sem hún er greinanleg er að jafnaði um 1m.

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-14

Fyrri skráningarnúmer: 13-5

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 357116.5 , N 399389.1

Sérheiti: Galdrapresthólsþúfa

Tegund: Náttúruminjar

Hlutverk: Álagablettur

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Umhverfi/staðhættir:

Rúmum 50m NV við Setbergstófina (1780-3557), við malarveg sem tengir göturnar Hólsberg og Holtaberg.

Lýsing:

Smá grasivaxinn hóll, um 1m hár. Hér á séra Þorsteinn Björnsson að hafa samið kvæðið *Noctes Setbergenses* eða Setbergsnætur. Sagnir voru um að hann hafi verið grafinn undir þessari þúfu en það er ólíklegt þar sem legsteinn hans er í Garðakirkjugarði. Álög voru sögð liggja á þúfunni og mátti enginn hrófla við henni því það myndi verða þess bani.

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Matthías Þórðarson. (1907). Gamlir legsteinar í Görðum á Álftanesi – Framhald ritgjörðar í Árbók 1904. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Bls. 39-40

Örnefnaskrá - Setberg

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-15

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356744.3 , N 399103.8

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Stekkur

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 10.1m

Breidd: 5.8m

Vegghæð: 0 – 0.4m

Breidd veggja: 0.5m

Umhverfi/staðhættir:

Í og við sprungu í við grasgróna laut um 35m NA við húsið Stekkjarberg 3.

Lýsing:

Stekkur, þrjár hleðslur, töluvert signar og mosavaxnar. Loka af og liggja frá sprungu í hrauninu. Veggjahæð er frá 0 – 0.4m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.5m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-16

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356874.0 , N 398866.6

Sérheiti: Garðastekkur

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Stekkur

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 10.8m

Breidd: 8.1m

Vegghæð: 0 – 1m

Breidd veggja: 0.7m

Umhverfi/staðhættir:


Í rúmgóðri gjótu í Stekkjarhrauni, um 50m SA við húsið Stekkjarberg 11.

Lýsing:

Garðastekkur, hleðslur sem loka af og mynda inngang í rúmgóða hringlóttu gjótu í hrauninu. Veggjahæð er frá 0 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.7m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-17

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356876.0 , N 398871.1

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Stöðull

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 2.6m

Breidd: 0.8m

Vegghæð: 0.2 – 0.5m

Breidd veggja: 0.8m

Umhverfi/staðhættir:


Innan stekks (2625-16), upp við klett.

Lýsing:

Stöðull úr hraungrýti, tæplega 3m langur. Er innan stekks (2662-16) og töluvert siginn. Hleðsluhæð er frá 0.2 – 0.5m og breidd er að jafnaði um 0.8m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-18

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356885.1 , N 398857.2

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Vörslugarður

Fjöldi: 3

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð: 0 – 0.2m

Breidd veggja: 0.3m

Umhverfi/staðhættir:


Í sprungu ofan við innganginn í stekk (2625-16).

Lýsing:

Þrjár litlar hleðslur sem mynda aðhald í sprungu. Vel signar og gróður farinn að vaxa yfir þær. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.3m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-19

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356869.8 , N 398832.1

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Vörslugarður

Fjöldi: 1

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 9.2m

Breidd: 0.6m

Vegghæð: 0.2 – 1.1m

Breidd veggja: 0.6m

Umhverfi/staðhættir:


Um 25m sunnan við stekk (2625-16). Mikill trjávöxtur í og við garðinn.

Lýsing:

Garðlag úr hraungrýti, bogadregið. Lokar sprungu í hrauninu. Mikil hætta vegna trjáa sem vaxa í miðjum garðinum. Veggjahæð er frá 0.2 – 1.1m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.6m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Norður snýr til hægri

Númer: 2625-20

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356832.6 , N 398740.1

Sérheiti: Hamarskotsstekkur

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Stekkur

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 – 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 6.1m

Breidd: 4.7m

Vegghæð: 0.2 – 1.6m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:


Í gróinni laut í Stekkjarhrauni um 35m austan við götuna Hlíðarberg og um 37m norðan við tóft (2625-5).

Lýsing:

Hamarskotsstekkur, úr hraungrýti. Inngangur í austur. Lítil hleðsla liggur þvert yfir rýmið. Hlaðinn í brekku milli kletta. Hleðslurnar ganga inn í brekkuna.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-21

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356878.1 , N 398739.7

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Vörslugarður

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 4.1m

Breidd: 0.8m

Vegghæð: 0 – 0.8m

Breidd veggja: 0.8m

Umhverfi/staðhættir:


Í sprungu við gjótu í Stekkjarhrauni, um 45m austan við Hamarskotsstekk (2625-20).

Lýsing:

Vörslugarður úr hraungrýti. Lokar af gjótu í hrauninu. Veggjahæð er frá 0 – 0.8m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.8m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Norður snýr til hægri

Númer: 2625-22

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 9.3.2021

ISN93: E 356993.1 , N 399710.3

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Útihús

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 8.6m

Breidd: 6.2m

Vegghæð: 0 – 0.7m

Breidd veggja: 0.6m

Umhverfi/staðhættir:


Í lúpínuhafinu um 170m norðan við Gamla-Garð (2625-11).

Lýsing:

Grjóthlaðið útihús, inngangur í suður og timburleifar innan í rústinni. Töluvert hrunin. Veggjahæð er frá 0 – 0.7m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.6m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-23

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 14.4.2021

ISN93: E 356906.8 , N 399741.6

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Stekkur

Fjöldi: 1

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 8.1m

Breidd: 4.8m

Vegghæð: 0 – 0.3m

Breidd veggja: 0.4m

Umhverfi/staðhættir:


Í brekkunni sunnan við Setbergshamar, um 75m austan við húsið Þórsberg 16.

Lýsing:

Stekkur, bogadregin hleðsla við klett sem myndar þannig aðhald, austur veggur er klettur. Vel siginn, mikill trjávöxtur í og við hleðsluna. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og upprunaleg veggjabreidd þar sem hún er greinanleg er að jafnaði um 0.4m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2625-24

Fyrri skráningarnúmer: 170-1

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Hamarskot

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 7.5.2021

ISN93: E 356725.1 , N 398411.4

Sérheiti:

Tegund: Hús

Hlutverk: Kartöflukofi

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Heillegar

Aldur: 1900 - 1970

Friðlýst: Nei

Lengd: 6.5m

Breidd: 4.3m

Vegghæð: 1 – 2.8m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:

Kofinn stendur í brekku um 30m NA við Kaldárselsveg og um 50m NV við húsið Furuhlíð 33.

Lýsing:

Kartöflukofi. Suður- og austurhlíð kofans eru byggðar inn í brekkuna og hann er byggður inn í eldri hleðslu, sem er mest áberandi á vesturhlíð kofans, en fyrir framan hann er hleðslan mjög gróin. Stoðirnar eru úr timbri, framhlíðin er bárujárnsklædd og inni í kofanum má sjá að veggirnir eru að hluta til steyptir upp með stórum steinum. Þakið er úr bárujárni, ofan á bárujárninu er fiskinet og þar ofan á er torf. Moldargólf er í kofanum og hann hefur verið einangraður með frauðplasti. Þakið er sigið ofan við dyrnar.

Heimildir: Heiðrún Eva Konráðsdóttir & Bjarni F. Einarsson. (2016). *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi í Mosahlíð við Kaldárselsveg á mörkum Hamarskots og Ófriðarstaða í Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 1780-3557

Fyrri skráningarnúmer: 13-1

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Dagsetning: 30.6.2016

ISN93: E 357093.3 , N 399323.3

Sérheiti: Setberg

Tegund: Tóft

Hlutverk: Híbýli

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1800 - 1900

Friðlýst: Já

Lengd: 48.5m

Breidd: 21.8m

Vegghæð: 0 – 1m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:

Bærinn stendur efst á Setbergi, fast við gatnamót Holtabergs og Hólsbergs.

Lýsing:


Bærinn stendur á bæjarhól (1780-3561). Framhlið bæjarins hefur snúið í NA en á bakhlið hans má greina nokkur lítil rými. Það eru a.m.k. 8 rými í bæjartóftunum en rýmaskipting er þó ógreinanleg á köflum. Veggjahæð er frá 0 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.

Heimildir/Athugasemdir: Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Friðþjófi Einarssyni var búið í torfbænum til ársins 1898.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 1780-3561

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Dagsetning: 26.6.2016

ISN93: E 357093.3 , N 399323.3

Sérheiti: Setberg

Tegund: Hóll

Hlutverk: Bæjarhóll

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1800 - 1900

Friðlýst: Já

Lengd: 68.4m

Breidd: 39.4m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Bæjarhóll Setbergs stendur efst á Setbergi, fast við gatnamót Holtabergs og Hólsbergs.

Lýsing:

Bæjarhóll Setbergs er frekar greinanlegur í landinu, hann er þó skorinn af götunni Hólsbergi í suðri og suð-austri.

Heimildir: Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 1780-3562

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður/Garðabær

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Dagsetning: 26.6.2016

ISN93: E 357093.3 , N 399323.3

Sérheiti: Setberg

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Túngarður

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1800 - 1900

Friðlýst: Já

Lengd: 154.8m

Breidd: 1.5m

Vegghæð: 0 – 1m

Breidd veggja: 1.5m

Umhverfi/staðhættir:

Túngarðurinn liggur í ca. norður frá húsinu Klukkuberg 5a.

Lýsing:

Túngarður Setbergs, úr grjóti. Garðurinn er rofinn fyrir miðju eftir að slóði var lagður í gegnum hann. Hann liggur u.þ.b. N-S. Veggjahæð er frá 0 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.5m.

Heimildir: Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 1780-3563

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður/Garðabær

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Dagsetning: 26.6.2016

ISN93: E 357092.8 , N 399377.4

Sérheiti: Setberg

Tegund: Þúst / Grjóthrúga

Hlutverk: Túnahreinsun

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1800 - 1900

Friðlýst: Já

Lengd: 18.8m

Breidd: 5.9m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Þústin / Grjóthrúgan er fast sunnan við malarveg sem tengir göturnar Hólsberg og Holtaberg.


Lýsing:

Óregluleg grjóthrúga eftir túnahreinsun.

Heimildir: Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 1780-3564

Fyrri skráningarnúmer: 13-3

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður/Garðabær

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Dagsetning: 26.6.2016

ISN93: E 357022.1 , N 399523.6

Sérheiti: Setberg

Tegund: Tóft

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1800 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 5.6m

Breidd: 4.8m

Vegghæð: 0 – 1m

Breidd veggja: 0.9m

Umhverfi/staðhættir:

Um 60m NA við húsið Hólsberg 11. Gerði (2625-13) er við tóftina.


Lýsing:

Tóftin er grjóthlaðin, um 4 x 5m að stærð og hleðsluhæð er um 1m. Inngangur í suður.

Heimildir: Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 1780-3565

Fyrri skráningarnúmer: 13-2

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður/Garðabær

Landareign: Setberg

Skrásetjari: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Dagsetning: 26.6.2016

ISN93: E 357093.3 , N 399323.3

Sérheiti: Setberg

Tegund: Tóft

Hlutverk: Fjárhús

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1800 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 12m

Breidd: 7.3m

Vegghæð: 0 – 0.5m

Breidd veggja: 2m

Umhverfi/staðhættir:

Um 30m NA við húsið Hólsberg 13.

Lýsing:

Fjárhús, veggir tóftarinnar eru útflattir og grasivaxnir, í miðju tóftarinnar er mikið af grjóti. Veggjahæð er allt að 0.5m inn við miðju annars renna útveggirnir saman við landið.

Heimildir: Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:

